

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtök Íslands hafa með vísan til 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, greinar 8.1 í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, orðið sammála um eftirfarandi:

BREYTINGU

á samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu frá 10. maí 2004, með breytingu frá 18. apríl 2009.

Árleg framlög samkvæmt 6. gr. samningsins fyrir árin 2013 til 2016 verða 6.041,0 m.kr. á ári, á verðlagi ársins 2012, en taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga. Ef þróun meðaltalsvísitölu neysluverðs (meðaltal ársins) verður önnur en verðlagsforsendur fjárlaga á árinu, skal mismunurinn leiðréttur í fjárlögum næsta árs. Þá skal hlutfallsleg skipting milli fjárlagaliða verða sú sama og birtist í fjárlögum fyrir árið 2012.

Í töflu 1 bætast þá við 2 ár, 2015 og 2016.

Við 8. gr. samningsins bætist ný grein, 8.4 sem orðast svo: „Samningur þessi er gerður með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands sem kunna að leiða af niðurstöðum samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu.“

Í stað orðanna „31. desember 2014“ í grein 9.1 kemur „31. desember 2016“.

Samningsaðilar eru sammála um, á grundvelli greinar 8.2 samningsins, að hefja vinnu við stefnumótun fyrir greinina með því markmiði að efla samkeppnishæfni og treysta afkomu hennar til lengri tíma. Til undirbúnings þessu verði skipaður starfshópur samningsaðila til að meta þá reynslu sem komin er af framkvæmd samningsins, þ.á.m. kostnaðarþróun í greininni, áhrif kvótakerfisins og stöðu verðlagningar og tolla. Starfshópurinn skal skila niðurstöðu sinni í síðasta lagi 31. desember 2013.

Reykjavík, 28. september 2012.

F.h. ríkisstjórnar Íslands




Steingrímur J. Sigfússon
atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra

F.h. Bændasamtaka Íslands



Haraldur Benediktsson



Oddný G. Harðardóttir
fjármála- og efnahagsráðherra



Sigurður Loftsson

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er samningur þessi undirritaður með fyrirvara um nauðsynlegar lagabreytingar.

Með fyrirvara um samþykki í atkvæðagreiðslu meðal bænda.